

Fundur í Nemendafélagi 15. desember kl. 8:20

Mættir: Veronika og Díana 10. bekk, Hrafn og Valgarður 9. bekk, Ingibjörg og Þóra 8. bekk, Þórdís 7. bekk, Spói og Sigvaldi 6. bekk og Olli 5. bekk.

Fundargerð:

1. Ísbrjótur: Hvað er í jólamatinn heima hjá þér á aðfangadag? Hver og einn sagði frá.
2. Fundargerð: Farið yfir og eftirfarandi tilkynnt:
 - Fengum samþykka 32 nýja stóla í unglingsdeild og samsetning er hafin hjá Á. Guðmundssyni, vonandi fáum við nýju stólana sem fyrst í janúar. Muna eftir að óska eftir nýjum stólum fyrir miðstig í fjárhagsáætlun fyrir árið 2027.
 - Sessa í glugga í félagsrými í framleiðslu, fáum hana vonandi fljótlega.
 - Ennþá óljóst með sjónvörp á hvert stig og í matsal, kemur vonandi í ljós í vikunni.
 - Muna eftir að skoða nýjar körfur, ný net í fótboltamörkin, húllahringi og fast snú snú band hjá kastalanum 2026.
 - Bókasafnið – fengu nemendur að kjósa? Nei, enginn kannast við það.
3. Ungmennaráð: Óskað var eftir nýjum fulltrúum í Ungmennaráð þar sem 3 eru að hætta. Hrafn Sölvi og Valgarður Orri nýir fulltrúar. Veronika og Díana kynntu Ungmennaráð.
4. Skóladagatal 2026 – 2027: Fyrstu drög kynnt og fulltrúum leist vel á.
5. Önnur mál: Engin - Fulltrúar miðstigs véku af fundi.
6. Skíðaferð unglinga: Samþykkt að reyna að komast í skíðaferð á nýju ári.
7. Nýársball samstarfsskólanna: Fulltrúar spenntir fyrir því, þurfum að taka stöðuna á hversu margir myndu vilja fara. Grunnskólinn í Borgarnesi sér um ballið að þessu sinni. Heiðarskóli mun sjá um það í janúar 2027.

Fundi slitið kl. 8:45